

Nd.

645. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um löggilta vigtarmenn.

Frá Sjávarútvegsnefndinni.

Háttvirt efri deild hefir haft frumvarp þetta til meðferðar, og hefir að eins gert á því þá einu breytingu, að þóknun til vigtarmanna skuli ákveðin af lög-reglustjóra í stað þess, að vjer höfðum lagt til, að um það rjeði samkomulag milli vigtarmanna og þeirra, sem þá notuðu.

Vjer álitum þetta gersamlega þýðingarlaust atriði, eitt út af fyrir sig, og ráðum því háttvirtri deild, til að samþykkja frumvarpið eins og það nú kemur frá háttv. efri deild.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1915.

G. Eggerz.
formaður.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

M. J. Kristjánsson.

Skúli Thoroddsen.

Þórarinn Benediktsson.

Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.